



Fljótsdalshreppur
Végarði · 701 Egilsstaðir
Sími og fax 471 1810
Netfang: fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is
Veffang: www.fljotsdalur.is
Kt. 550169-5339

Alþingi
Erindi nr. **P 133/895**
komudagur **12. 2. 2007**

Umhverfisnefnd Alþingis
b. t. Selmu Hafliðadóttur ritara
Alþingi
150 Reykjavík

Végarði 08.02 2007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps fjallað á fundi sínum 6. febrúar sl. um frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð sem nú er til meðferðar á Alþingi. Fundið var að tímamörkum sem sett voru til umsagna.


Oddviti var falið að vinna umsögn um frumvarpið, á grundvelli umræðu sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fagnar ákvæði í 4 gr. frumvarpsins þar sem skýrt er kveðið á um aðkomu heimamanna að stjórn þjóðgarðsins og styður fyrirhugað stjórnarfyrikomulag. Frá byrjun umræðna í Fljótsdalshreppi um stofnun þjóðgarðsins hefur aðkoma heimamanna að stjórn verið algert grundvallaratriði.

Sveitarstjórn vill benda á nauðsyn þess að tillit sé tekið til nauðsynlegrar umferðar bænda um beitarsvæði sem kunna að falla innan marka þjóðgarðsins. En samkvæmt framlögðu frumvarpi um Vatnajökulspjóðgarð á í reglugerð að setja ákvæði um umferð gangandi, ríðandi eða hjólandi manna og um umferð vélknúinna ökutækja í Vatnajökulspjóðgarði. Þar sem frumvarpið tekur ekki skíra afstöðu til þessarra hagsmuna telur sveitarstjórn rétt að minna á þá.

Stofnun Vatnajökulspjóðgarðs er metnaðarfult verkefni og Alþingi verður að tryggja að stofnun þjóðgarðsins fylgi nægjanlegt fjármagn til uppbyggingar og starfrækslu. Sveitarstjórn telur eðlilegt að einhver gjaldtaka inngangsgjalda af ferðamönnum verði, en lítur svo á að fyrst og fremst komi fjármögnun frá ríkinu.

Virðingarfyllt
f.h. sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps,


Gunnþórunn Ingólfssdóttir

